

hann kynntist, voru honum sérlega góðir og vinveittir, og enginn gjörði neitt á hluta hans.

En hamingjuhjólið er valt — hérna megin hafssins sem austan; Ófeigur veiktist af liðagigt, sem lagði hann í rúmið. Þegar Ófeigur var búinn að liggja rúmfastur í viku, fékk hann þá orðsendingu frá kaupmanninum, sem hann verslaði við, að hann gæti ekki framvegis selt honum vörur sínar öðruvísi en fyrir borgun út í hönd, nema því að eins, að hann fengi meðmæli frá safnaðarnefndinni — því sveitarstjórn var ekki til — en það gat Ófeigur auðvitað ekki, því hann var ekki í söfnuðinum.

Pannig leið langur tími. Allt af var Ófeigur veikur, og allt af harðnaði í búi hjá honum. Þessu veittu menn líka undir eins eftirtekt, og fóru strax að tala um það, hvað hann Ófeigur ætti bágðt. Loksins hafði Kvenfélagið „komist við“ af þessu umtali og kallað saman fund til þess, að ákveða eitthvað Ófeigi til hjálpar. En við umræðurnar upplýstist það, að Ófeigur væri ekki „rétttrúaður“ maður — hann væri jafnvel hreint ekki kristinn — og það væri því alls ekki rétt, að taka fram fyrir hendurnar á drottni, sem auðvitað hefði sent Ófeigi þetta mótlæti í vís-dómsfullum og gæzkurískum tilgangi, til að mýkja hjartalag hans og snúa honum á rétta braut. Það væri allt annað mál, ef Ófeigur félli frá, þá væri svo sem sjálfsagt að rétta ekkjunni hjálparhönd, það væri ekki nema kærleiks verk og kristileg skylda, — hún gengi þá líka sjálfsagt í söfnuðinn með börnin.

ENN þá leið langur tími — margar langar vikur — loks fór Ófeigi að batna. Eftir því sem hann hresstist meir og meir, eftir því fann hann það betur og betur, hve gott það er, að eiga mennina að, og hve afar áriðandi það er, að hjálpa sér sjálfur í lifanda lífi, og eiga svo kærleik þeirra óeyddan að sér látnum. Loks gat hann farið að vinna - vinna fyrir daglegu brauði, vinna fyrir frelsið, sem hann hafði þráð, vinna fyrir réttlætið, hreinskilnina og sannleikann, og þjóna sínum guði upp á sína vísu, eins og hann hafði hugsað sér hann.

\*

\*

\*

Ófeigur í Skörðum lifir enn, og enn þá er hann að vinna.—